

2016

SKÝRSLA STJÓRNAR

Blátt  áfram

Blátt áfram

Ábyrgðarmaður: Sigríður Björnsdóttir

Prentun: Prentmet

Skrifstofa Blátt áfram er í Fákafen 9,
108 Reykjavík.

Pósthólf 8411, 128 Rvk.

Sími 533 2929

Netfang: blattafram@blattafram.is

Veffang: blattafram.is

Reykjavík 2017



Efnisyfirlit

Um Blátt áfram	4
Tilgangur	4
Framtíðarsýn	4
Áhrif félagsins	4
Aðferðarfræði	5
Úr starfi félagsins	6
Frá grasrót	7
Hvernig reynist að mæla það sem verið er að reyna að koma í veg fyrir?	7
Fræðsla	8
Fræðsla	9
Fyrirlestur	9
Einkastaðir líkamans,	9
Verndarar barna	10
Fjáröflun	11
Lífsleikni	11
Erlent samstarf	12
Úr starfi félagsins	13
Stjórn og starfsfólk	14

Um Blátt áfram

Tilgangur

Blátt áfram starfar fyrst og fremst að fyrsta stigs forvörnum. Með fyrsta stigs forvörnum er átt við fræðslu til fullorðinna, fjölskyldna og samfélagsins. Í fræðslunni er hvatning til að taka nauðsynleg skref til að vernda börn gegn ofbeldi.

Við bjóðum upp á stuðning, upplýsingar og faglega ráðgjöf til að vernda börn og gera umhverfi okkar öruggara. Síðan 2004 höfum við gert grein fyrir, endurskoðað og bent á áhrifaríkar leiðir til að taka þau skref sem þarf til að vernda börn frá því að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi



Framtíðarsýn

Að fullorðnir taki þátt í að hugsa um verndandi þætti í umhverfi barna og skapa öruggt og stöðugt samfélag ásamt góðum samskiptum fyrir öll börn. Börn eiga að vera laus við áföll af öllu tagi þegar þau vaxa úr grasi og þar á meðal kynferðisofbeldi. Blátt áfram var stofnað af þolendum sem áttuðu sig á mikilvægi umræðu um ofbeldi. Þær aðferðir sem voru notaðar áður dugðu skammt til að vernda börn fyrir því að verða fyrir slíku ofbeldi.

Markmiðið er að rjúfa þögnina, svo að samfélagið geri sér grein fyrir að það sé mögulegt að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi. Það er m.a. gert með því að fullorðnir beiti forvörnum til að vernda börn og noti efni og leiðir sem eru sannreyndar. Fullorðnir vilja og geta komið í veg fyrir ofbeldi, ef þeir hafa aðgang að viðhlítandi upplýsingum, gagnlegum verkfærum, leiðsögn og stuðningi. Samfélög er hægt að virkja með frumkvæði, meðal annars viðleitni til að takast á við margbreytileika ofbeldis sem gerist í nærumhverfi.

Áhrif félagsins


Blátt áfram hefur haft veruleg áhrif á varanleg framlög til lýðheilsu, forvarna gegn ofbeldi á börnum og samfélagsvitund. Meðal annars eru samtökin brautryðjendur í áherslu á fullorðinsfræðslu um ábyrgð í forvörnum gegn kynferðisofbeldi á börnum á Íslandi. Þau hafa notast við gagnreyndar aðferðir og sannreynt erlent efni. Þau hafa byggt upp teymi um allt land af fagfólki í sveitarfélögum landsins sem sjá um forvarnarfræðslu í sínu starfsumhverfi, í góðu samstarfi við fagaðila sem starfa við málaflokkinn.



Blátt áfram hefur haft veruleg áhrif á varanleg framlög til lýðheilsu, forvarna gegn ofbeldi á börnum og samfélagsvitund.

Aðferðarfræði

Til að tryggja öryggi barns þarf heilt samfélag. Vistfræðilíkan hefur verið notað sem kenningarlegur rammi í forvörnum til að skilja betur áhættuþætti sem geta leitt til ofbeldis og aðferðir sem geta mögulega komið í veg fyrir það. Þegar forvarnir eru skoðaðar út frá vistfræðilíkaninu er áhersla lögð á breytingu á viðhorfum, venjum og menningu. Þannig verður til sameiginleg ábyrgð sem dreifist á alla hópa samfélagsins til að vernda börn gegn kynferðisofbeldi. Líkanið tekur mið af flóknu samspili einstaklingsins og tengslum hans við umhverfi sitt í nokkrum stigum. Tengsl barns við umhverfi og samfélag hefur mótandi áhrif á samfélagslegan þroska þess. Þannig verður barnið miðdepill heildarmyndarinnar (sjá graf hér að neðan). Kynferðisofbeldi gerist að stórum hluta í nærumhverfi okkar, af fólki sem okkur þykir vænt um. Það getur verið hver sem er í fjölskyldunni eða í okkar nánasta umhverfi. Vistfræðilíkanið lýsir mikilvægi þess að verndandi umhverfi skapist í kringum barn en til þess að það gerist þarf marga aðila til að koma þar að, ekki einungis fjölskyldur.



Barnið

Ákveðnir þættir í nánasta umhverfi barnsins og vísar til beinna samskipta barns við t.d. fjölskyldu sína, kennara og skólafélaga. Áhættuþættir sem geta aukið líkur á ofbeldi á þessu stigi eru m.a. skortur á félagslegum stuðningi og streita innan fjölskyldu. Verndandi þættir sem geta stuðlað að forvarnaráhrifum eru heilbrigð samskipti milli fjölskyldumeðlima.

Sambönd

Þetta stig tengir saman samskipti á milli barns og aðila í nærumhverfi þess. Forvarnir á þessu stigi snúa að því hvernig öll stigin vinna saman að verndun barns.

Umhverfi

Þetta stig samanstendur af félagslegum þáttum sem hafa óbein áhrif á börn en hafa áhrif á reynslu þeirra í umhverfi sínu. Áhrif forvarnarstarfs á þessu stigi er hversu greiður aðgangur er að fræðslu og upplýsingum til fólks í umhverfi barns ef grunur um ofbeldi vaknar gagnvart barni.

Samfélag

Þetta stig samanstendur af menningarlegum gildum, lögum, reglum og bjargráðum í samfélaginu. Hér má skoða hvaða áhrif forvarnir hafa í samfélaginu sem heild, hvað telst vera félagslega viðurkennd hegðun og viðhorf samfélagsins til ofbeldis gagnvart börnum. Kynferðisofbeldi gegn börnum er flókið vandamál. Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem fyrir því verða. Það eru engar auðveldar lausnir til að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi gegn börnum. Forvarnir og fræðsla hafa sýnt sig skila bestum árangri í að undirbúa fólk að koma í veg fyrir ofbeldi. Blátt áfram hefur með fræðslu sinni ávallt haft í fyrirrími að ábyrgð á forvörnum liggur hjá fullorðnum. Með það að leiðarljósi hefur verið nauðsynlegt að opna umræðuna um mikilvægi þess að taka ábyrgð á bæði umhverfi okkar og barnanna, en einnig þarf að átta sig á öðrum veigamiklum atriðum, t.d. hverjir eru það sem brjóta gegn börnum, af hverju sé svona flókið að horfast í augu við málaflökkinn þegar svona mál koma upp? Í bók Smallbona, Mashall og Worthley um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi koma allir þessir þættir vel fram og hefur Blátt áfram hagnýtt sér þær aðferðir og aðferðarfræði sem fjallað er um í þessari bók. Þar er einnig greint frá helstu og áreiðanlegustu forvarnarsamtökum í heiminum í dag sem Blátt áfram hefur byggt sína aðferðarfræði á. Það er fólgið í því að kynna sér staðreyndir, hafa áhrif á reglur og aðferðir til að vernda börn frá kynferðisofbeldi (Preventing child sexual abuse, 2011). Rannsóknir inná: blattafram.is/rannsoknir/

Blátt áfram heldur uppi forvarnar- og fræðslustarfi gegn kynferðisofbeldi á börnum. Hér á landi hefur fræðslan til fullorðinna farið að mestu fram til starfsfólks í leik- og grunnskólum landsins.

Námskeið félagsins Verndarar barna er gagnvirkt efni sem hvetur einstaklinga til að taka ábyrg skref til að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi. Fyrirlestur til foreldrar er um samskipti og fræðsla til barna eru um mörk, samskipti og einkastaði líkamans. Einnig óskar starfsfólk stofnanna eftir fræðslu fyrir unglinga og kennarar grunnskóla sjá um að sýna börnum í þriðja bekk teiknimyndina „Leyndarmálið“. Félagið veitir ráðgjöf til stofnana, félagasamtaka og íþróttafélaga um gerð á siða- og starfsreglum til að tryggja vernd iðkenda og starfmanna í starfi. Erlent samstarf er hluti af fræðslustarfi félagsins þar sem félagastamtök og stofnanir senda hingað til lands einstaklinga til að kynna sér starfið og fá þjálfun í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi.

Árið 2016 var tólfta starfsár félagsins en félagið var stofnað 2004 og frá 1. mars 2006 hafa samtökin verið rekin sem sjálfstætt starfandi samtök.

Verndarar Blátt áfram

Blátt áfram er með dyggan hóp stuðningsaðila sem kallaður er Verndarar Blátt áfram. Þessi hópur stækkar á milli ára og telur nú tæplega 700 manns sem styðja félagið með mánaðarlegu framlagi. Verndarar Blátt áfram fá mánaðarlegt fréttabréf þar sem þeir fylgjast með starfi félagsins.


Úr starfi félagsins



Foreldrafélög leikskólans og Grunnskólans á Hvolsvelli fengu fyrirlestur og bókagjöf frá Blátt áfram.



Soroptimistaklúbbur Árbæjar fékk fyrirlestur um starfsemi Blátt áfram. Í kjölfarið tóku þær þátt í ljósasölu samtakanna og létu andvirði sölulaunanna renna óskipt til Blátt áfram.



Sigríður Sigurjónsdóttir var ráðin í tímabundið verkefni hjá félaginu

Sigríður er með MS í sálfræði og var ritgerð hennar um tælingu á netinu og hefur hún haldið fyrirlestra og fræðsluerindi um hrelliklám og sexting. Sigríður sat í ritstjórn og var með umsjón yfir nýja fræðsluefnis félagsins,

Verndara barna námskeiðið og nýjum bæklingi; 5 skref til verndar börnum.

Frá grasrót

Þegar breytinga er þörf í samfélaginu gerist það gjarnan að fólk veitir einhverju athygli sem öðrum yfirsést. Fólk kemur saman, á samtöl eða samskipti, umræða skapast og hluti samfélagsins áttar sig á tilteknum vanda sem vert er að fást við. Lausna á vanda er þá leitað. Umræðunni er þessu næst komið á framfæri með viðeigandi hætti og á hentugum vettvangi. Þá gefst tækifæri til að móta umræðuna enn frekar, fá fleiri til liðs við hugmyndir og áskoranir ef ástæða þykir, en þannig geta öflug grasrótarsamtök myndast. Uppbyggingastarf hefst þar sem umræðan á sér stað, enda um grasót að ræða. Notast er við aðferðir á borð við „maður á mann“ um leið og fleiri og fleiri átta sig á þörf og mikilvægi þess að ganga til liðs við grasrótina og góðan málstað. Við þetta tilefni er mikilvægt að eiga samtál við ráðamenn eða hagaðila, þótt starfið hefjist fyrst og fremst hjá grasrótinni. Saman er hægt að móta umhverfið, en áhrifin verða þeim mun meiri finnst flötur og tilefni til samstarfs. Það leiðir oft til markvissari árangurs en ella, öllum til hagsbóta.

Við þekkjum öll umræðuna sem hófst með hugmyndum um mikilvægi forvarnarstarfs og þær breytingar og góðan árangur sem orðið hefur á sviði slysavarna, tóbaks- og áfengisvarna og heilsuverndar. Forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum er í senn skammtíma- og langtímaverkefni. Reynslan hefur sýnt að kennarar og aðrir sem koma að umönnun og uppeldi barna þurfa reglulega leiðsögn og fræðslu um kynferðisofbeldi og afdrifaríkar afleiðingar þess. Fræðslunnar er þörf oftast en einu sinni, enda stöðug endurnýjun meðal kennara og leiðbeinanda barna. Um leið eykst þekking á sviði forvarna gegn kynferðisofbeldi ár frá ári og fræðslufni verður því stöðugt betra.

Hvernig reynist að mæla það sem verið er að reyna að koma í veg fyrir?

Ein þeirra mælinga sem Blátt áfram hefur, felst í þeim fjölmörgu og ólíku símtölum, bréfum og erindum sem félaginu berast frá aðstandendum, kennurum eða þeim sem hafa orðið fyrir ofbeldi, þar sem leitað er ráða og stuðnings hjá okkur. Þessi erindi sýna okkur, svo ekki verður um villst, að fólk leitar til félagsins vegna þess að það þekkir að einhverju leyti starf þess. Fólkíð „treystir“ okkur og hefur í mörgum tilfellum fengið einhverja fræðslu eða kynningu á starfsseminni. Þessi

erindi eru jafn ólík og þau eru mörg. Þau eiga það þó sameiginlegt að viðkomandi er að leita sér aðstoðar og telur félagið Blátt áfram einn fárra staða, ef ekki þann besta, til að afla tiltekinnar vitneskju eða þekkingar til að leiða viðkomandi áfram, úr vondri lífsreynslu eða frá afleitu umhverfi. Aðrar mælingar eru fólgnar í rannsóknunum sem hafa sýnt breytt viðhorf og verklag fagfólks, eftir að hafa hlotið þjálfun í námskeiðinu „Verndarar barna“ sem Blátt áfram annast. Annað sem nefnt hefur verið meðal meðal mælikvarða, ýmist opinberlega eða óopinberlega, eru fleiri tilkynningar um ofbeldi.



Reynslan hefur sýnt að kennarar og aðrir sem koma að umönnun og uppeldi barna þurfa reglulega leiðsögn og fræðslu um kynferðisofbeldi ...

Það var helst áberandi á starfsárinu að fleiri aðilar óskuðu eftir upprifjun námskeiða og fá því að sitja fræðslu félagsins aftur, ásamt því að óskað var eftir viðbótarfræðslu. Það er ótvíræð áminning um að enn sé þörf fyrir Blátt áfram í samfélaginu. Það er þörf og eftirspurn fyrir stöðugri fræðslu sem sýnir að ekki megi sofna á verðinum við þetta mikilvæga verkefni. Meðal markmiða Blátt áfram er að veita fullorðnu fólki öflugra fræðslu og markvissa þjálfun í að þekkja, fyrirbyggja, og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna, með hugrekki og af ábyrgð. Við vitum um ófá tilfelli þar sem fólk sem starfar með börnum hefur getað greint óyggjandi merki ofbeldis og brugðist við með réttum hætti, eftir fræðslu af hálfu Blátt áfram.

Sigríður Björnsdóttir, formaður.

Rekstraryfirlit

Blátt Áfram forvarnarverkefni er sjálfstætt starfandi samtök með starfsstöð að Fákafeni 9, Reykjavík. Samtökin greiða ekki tekjuskatt þar sem verkefnið fellur undir undanþáguákvæði 4. tl. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Allar fjárhæðir eru taldar í þúsundum króna.

	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Tekjur						
Styrkir og aðrar tekjur	6.043	6.740	5.676	3.549	8.936	6.203
Landssöfnun	11.726	15.557	10.996	12.210	16.048	9.077
Gjöld						
Laun og launatengd gjöld	11.192	10.744	10.233	7.214	6.682	9.328
Húsnæðiskostnaður	1.620	1.559	1.562	1.496	1.419	846
Vitundarvakning, auglýsingar og ráðstefna	206	279	4.231	2.660	1.645	5.232
Annar kostnaður	4.898	5.301	7.435	9.282	3.936	4.679
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	57	30	176	229	(23)	101
Rekstrarafkoma	(91)	4.446	(6.612)	(4.664)	11.280	(4.704)
Efnahagsreikningur í árslok						
	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Eignir	10.349	10.495	9.018	13.194	16.472	8.121
Skuldir	1.115	1.171	4.139	1.703	317	3.246
Eigið fé	9.233	9.324	4.879	11.491	16.155	4.875

Fræðsla

Á árinu 2016 fengu tæplega 3000 manns, börn og fullorðnir, fræðslu á vegum eða í samstarfi við Blátt áfram.

- **242 fullorðnir gerðust Verndarar barna.**
- **266 unglingar fengu lífsleikni-fræðslu.**
- **175 sátu fyrirlestur.**
- **4 aðilar gerðust Verndara barna leiðbeinendur.**
- **11 aðilar gerðust Bella net leiðbeinendur fyrir sjálfstyrkingarhópa stúlkna.**
- **2150 börn í 60 skólum sáu teiknimyndina Leyndarmálið.**

Auk þess sjá starfsmenn á vegum hinna ýmsu sveitafélaga um fræðslu fyrir fólk sitt og er fjöldi þeirra ekki með í þessum tölum.

Fræðslu félagsins er skipt í tvennt, til fullorðinna annars vegar og til barna og ungmenna hins vegar. Forvarnarfræðsla snýst um að koma í veg fyrir að ofbeldið eigi sér stað. Með fræðslu til fullorðinna, starfsfólks og foreldra sem bera ábyrgð á börnum, aukast líkur á því að barnið verði ekki fyrir slíku ofbeldi. Þegar fullorðnir eru meðvitaðir um hættur og hafa skýr markmið um hvernig sé hægt að vernda börn, hegðar fólks sér í samræmi við þá áætlun. Fræðslan félagsins fer fram í formi fyrirlestra og námskeiðsins Verndarar barna.

Fyrirlestur

Boðið er uppá þrjú mismunandi erindi fyrir fullorðna; Forvarnarfræðsla, gerendur og einkastaðir líkamans.

Fyrirlestur um forvarnir gegn kynferðisofbeldi er kynning og fræðsla um tíðni kynferðislegs ofbeldis en samkvæmt íslenskri rannsókn sem gerð var árin 2000-2001 með slembiúrtaki úr þjóðskrá verða um 17% barna fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.¹

Í fyrirlestrinum er varpað fram hugmyndum að leiðum

til að efla samskipti foreldra og barna um viðkvæma og jafnvel vandræðalega hluti. Umræða um forvarnir við foreldra er bæði mikilvæg og nauðsynleg. Hún auðveldar þeim að ræða opinskátt við börnin um líkama þeirra, hvar eðlilegt sé að draga mörkin og hvaða hlutar líkamans eru „einkastaðir“ hvers og eins. Fyrirlesturinn er ætlaður foreldrum og öðru fullorðnu fólki, sem vinna með og/eða bera ábyrgð á börnum og unglungum. Erindið fjallar um greinamun á fyrirbyggjandi aðferðum og leiðbeiningum eftir að ofbeldið hefur átt sér stað. Fyrsta stigs forvarnir, möguleika til að draga verulega úr kynferðisofbeldi. Annars stigs forvarnir, aðferðir til að stuðla að öruggara umhverfi (vinnustað) fyrir fullorðna, börn og ungmenni.

Í erindi um gerendur er fjallað um hegðunarmynstur ofbeldismanna/kvenna. Nauðsynlegt er að þekkja eðli ofbeldis til að átta sig á aðferðum þeirra sem beita börn ofbeldi. Gerendur geta verið ung börn eða ungmenni sem brjóta gegn jafnöldrum sínum og í slíkum tilfellum er mikilvægt að hjálpa báðum aðilum. Flest börn og ungmenni sem brjóta gegn öðrum börnum brjóta ekki af sér aftur ef þau fá viðeigandi fræðslu og eru stoppuð af. Erfiðasti hluti forvarna gegn kynferðislegu ofbeldi er að huga að þeim möguleika að þeir sem beita börn ofbeldi eru einstaklingar sem við virðum, treystum og elskum. Þeir/þær leggja sig fram við að vera sem hjálplegastir/ar og traustsins verðir. Þessa staðreynd þurfum við að takast á við!

Einkastaðir líkamans, handbók foreldra

Bókin, Einkastaðir líkamans, er sérstaklega ætluð foreldrum og fjallar um líkamann, einkastaðina og mörk. Í henni eru ábendingar og svör við þeim spurningum sem höfundar hafa fengið frá foreldrum í gegnum tíðina. Í erindinu er leitast við að svara spurningum eins og; **Hvernig ræði ég forvarnir við börnin mín? Hvernig spyr ég barnið mitt þegar það sýnir breytta hegðun? Hvaða orðalag á ég að nota til að hræða ekki barnið mitt?** Í gegnum störf sín hafa þær hitt fjölda fólks sem á þá reynslu sameiginlega að hafa sætt kynferðislegu ofbeldi sem börn. Margt af þessu fólki hefur tjáð sig um að ef einhver hefði rætt

Blátt áfram forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.



Tökumst óhrædd og meðvituð á við kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

¹ Hrefna Ólafsdóttir (2010). Faraldsfræði kynferðislegrar misnotkunar gegn börnum. Í (ritstj.) Svava Ísfield Ólafsdóttir, Kynferðisofbeldi gegn börnum. Reykjavík: Háskólaútgáfan



Móðir les með barni sínu bókina *Einkastaðir líkamans*.

við þau um líkamann, einkastaðina og mörk og hvað ætti að gera ef einhver færir yfir þau mörk hefði það hugsanlega hjálpað þeim að opna sig fyrir um ofbeldi sem þau urðu fyrir.



Verndarar barna

Markmið námskeiðsins er að kenna einfaldar leiðir til að vernda börn gegn kynferðisofbeldi. Leiðirnar felast í sjö mikilvægum skrefum sem auka vitneskju um hvernig koma megi

í veg fyrir ofbeldi, hvernig bregðast má við ásamt upplýsingum um hvernig við tilkynnum grun um ofbeldi gegn börnum. Mikilvægustu skilaboðin eru þau að forvarnir og viðbrögð við kynferðisofbeldi eru alltaf á ábyrgð hinna fullorðnu.

Upplýsingarnar sem stuðst er við eru einungis ætlaðar til að gefa einföld og fyrirbyggjandi ráð. Og benda á leiðir sem nýtast til verndar börnum en koma ekki í stað ráðleggingar fagfólks.

Fræðsla fyrir leik- og grunnskólabörn

Þrátt fyrir að fullorðnir beri ábyrgð á að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi telja samtökin Blátt áfram einnig mikilvægt að fræða börn og ungmenni í gegnum skólastarfið. Fræðslan er ávallt sniðin að þeim aldurshópi sem hún beinist að hverju sinni. Skólar sem hafa fengið fræðslu fyrir starfsfólk sitt, kalla eftir fræðslu fyrir börn og ungmenni.



Teiknimynd - Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá!

Teiknimyndin *Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá!* er fyrsta verkefni samtakanna Réttindi barna. Verkefnið hefur frá byrjun hlotið jákvæð viðbrögð frá fagaðilum, yfirvöldum, skólastjórum, foreldrum og almenningi. *Leyndarmálið* er tekið til sýninga árlega fyrir flest börn í 3. bekk grunnskóla. Verkefnið nálgast forvarnarfræðslu um kynferðislega misnotkun gegn börnum á nýjan hátt. Teiknimyndin, ásamt stuðningsefni sem henni fylgir, var send í alla skóla landsins vorið 2011,

Tökumst óhrædd og meðvituð á við kynferðislegt ofbeldi gegn börnum



þeim að kostnaðarlausu. Blátt áfram sá um gerð fræðsluefnis fyrir kennara og hýsir teiknimyndina á vefsíðu félagsins. Könnun var send til skólanna eftir sýninguna og voru kennarar mjög ánægðir og töldu sig hafa betra verkfæri til að fræða börn og aðstoða þau betur ef ofbeldistilfelli kæmu upp. 2150 börn í 60 skólum sáu teiknimyndina og fengu bókamerki frá Blátt áfram. Ekki fengust viðbrögð frá öllum skólum og því ekki vitað hvort að fræðslan hafi átt sér stað í þeim skólum.

Lífsleikni

Blátt áfram býður upp á sérstaka fræðslu í lífsleikni fyrir unglinga í 7.-10. bekk. Margir þeirra hafa lent í erfiðleikum og/eða aðstæðum sem þeir vita ekki hvernig þeir eiga að bregðast við eða hvar hjálp er að finna. Í þessum tímum er rætt við unglingana um líkama þeirra, samskipti við aðra og þau mörk sem þau mega setja, neyslu og nauðgun. Rætt er um samfélagið vítt og breitt og hvað beri að varast. Þau fá fræðslu um falið ofbeldi, eins og þegar einhver nuddar sér upp við mann og segir það hafa verið óvart, óvænta snertingu eða snertingu sem hefst með kitli eða klóri á baki og þess háttar. Nauðsynlegt er að segja ungmönnum frá hættunni á að einhver gæti reynt að fá þau til að gera eitthvað sem þeim finnst óþægilegt, reynt að tæla þau með gjöfum, svo sem peningum eða hrósi, einhver horfi óþægilega á þau, snerti þau eða biðji þau að snerta sig. Þá er þeim bent á að þeir sem beita slíku ofbeldi komi oftast úr þeirra nánasta umhverfi, séu jafnvel einhverjir sem þau þekkja vel. Þá er hnykkt á að ofbeldið sé aldrei þeim að kenna. Meðalaldur geranda er um 27 ár og því oft á tíðum um mikinn mun á þroska og lífsreynslu að ræða milli geranda og þolenda². Rætt er um að kynferðislegt ofbeldi geti átt sér stað milli systkina eða unglinga á svipuðu reki. Talið er að það sé fimm sinnum líklegra að kynferðislegt ofbeldi eigi sér stað á milli systkina en af hálfu föður.³ Spurningar eru lagðar fyrir nemendum í lok hvers tíma sem þau svara og skila. Einnig er þeim gefin kostur á að spyrja spurninga skriflega. Fyrirlesari og kennari eða annar starfsmaður skólans fer yfir svör þeirra og spurningar og vinnur með það eins og þurfa þykir. Hér koma dæmi um spurningar sem brenna á unglingum: **Hvað á maður að gera ef enginn trúir manni? Hvernig er best að bregðast við því ef einhver segir manni? Hvað gerist eftir þetta allt, ef að aðili segir frá?**

2. Darkness 2 light, Verndarar barna (2006) 3 Levine og Kleine (2008), bls. 147.

Fjáröflun

Landssöfnunin 2016 - Vertu upplýstur

Sjöunda árlega landssöfnun samtakanna var haldin fyrstu helgina í maí. Fólk um allt land seldi lyklakippur undir kjörorðunum Vertu upplýstur og safnaði fjármagni fyrir hin ýmsu félög og nýttu margir sölulaunin í ferðasjóði sína.



**Tökum vel á móti sölufólki,
dagana 26.-29. maí.
Kaupum ljósið
VERUM UPPLÝST!**



**Tökum vel á móti sölufólki,
dagana 26.-29. maí.
Kaupum ljósið
VERUM UPPLÝST!**



Ljós gefin í hverfi í Goderich, börnin í þessu þorpi ganga yfirleitt ekki í skóla.

Erlent samstarf

Erlendir aðilar heimsækja félagið árlega til að kynnst starfinu og fá ráðgjöf um mikilvægi forvarna. Einnig fara starfskonur félagsins til annarra landa og fræða um forvarnir.

Samtökin **Child Welfare Society - Sierra Leone**, eru grasrótarsamtök sem vinna að margvíslegum forvörnum fyrir börn í Sierra Leone. Samtökin höfðu samband við Blátt áfram síðla árs 2014 og voru áhugasöm um að heyra hvernig við hjá Blátt áfram störfum. Í fyrstu höfðum við eingöngu aðstöðu til að vera í samskiptum í gegnum tölvupósta, en haustið 2016 var starfskonu Blátt áfram boðið til Sierra Leone og var eitt af verkefnum þeirrar ferðar að hitta starfsfólk hjá CWS, skiptast á skoðunum og upplýsingum og hvernig við getum hjálpað hvort öðru. Vandamálin eru oft þau sömu, hvar sem þú ert staddur í heiminum. Auk þessa heimsótti starfskona Blátt áfram munaðarleysingjaheimili, skóla og fátækrahverfi og gaf fullorðnum, jafnt sem ungu fólki ljós frá Blátt áfram. **From darkness to light**, var kjörorð þeirra heimsóknna, en mörg hverfi og þorp í Sierra Leone eru án rafmagns.



Ljós gefin í skóla þar sem kennarar fá ekki föst laun, en þiggja allar gjafir.



Götuskilti sem sýnir herferð í Sierra Leone gegn ofbeldi á stúlkum og konum.



Saumakona sem vinnur heima. Hún er ekki með neitt rafmagn, allt fót- og handstigið. Hún þáði ljós með þökkum. Ljósið gefur henni nokkrar mínútur aukalega dag hvern, til að klára verkin eftir að myrkrið er skolið á t.d. að ganga frá.

Úr starfi félagsins



Mótorhjólaklúbburinn **Lords and Ladies** í Grindavík standa fyrir sölu á nælu með merkinu Toyrun. Stefnt verður að því að hafa þetta árlegan viðburð og breytist því merkið á hverju ári. Það má nálgast merkið hjá Lords and Ladies í Grindavík. Frábært framtak mótorhjólafólks sem vill láta sig málið varða.



Á félagsráðgjafabinginu 2016 fór fram kynning á samstarfsverkefni Hafnarfjarðar og Blátt áfram. Thelma Þorbergsdóttir og Elísa Ingólfssdóttir kynntu. Einnig kynntu þær nýtt námsefni, Verndarar barna, sem verður tekið til notkunar haustið 2017.

Síðastliðin sjö ár hefur Hafnarfjarðarbær boðið starfsfólki sem starfar með börnum og unglingum upp á námskeið frá Blátt áfram þar sem fjallað er um forvarnaleiðir gegn kynferðislegu ofbeldi. Hafa rúmlega 800 starfsmenn sótt slíka fræðslu. Um er að ræða samstarfsverkefni þar sem Blátt áfram leggur til kennsluefni, fjölskylduþjónustan leggur til starfsmenn sem kenna á námskeiðum og fræðslu- og frístundaþjónustan sem skipuleggur og kynnir námskeiðin. Í gegnum þetta starf ná starfsmenn fjölskylduþjónustu að mynda góð tengsl við starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar sem sinna umönnun og uppeldi barna og auðvelda þeim að tryggja öryggi barna og kenna þeim að bregðast rétt við komi upp mál.

Fjöldmörg plaköt, svipuð þessum, voru hengd upp í vögnum Strætó allan aprílmánuð til að vekja athygli á að apríl, er alþjóðlegur mánuður gegn ofbeldi á börnum. Þetta er þriðja árið sem Strætó gefur Blátt áfram tækifæri að vekja athygli á málaflokknum með þessum hætti.

Ef ég segði þér að ég hafi verið kynferðislega misnotaður, myndir þú ...

- ... dæma mig?
- ... trúá mér?
- ... telja mig vera minni máttar?
- ... halda ég efaðist um sjálfan mig?
- ... finnast ég vera mér til skammar?
- ... halda að ég yrði gerandi?
- ... hlusta á mig?

APRIL

Blátt áfram forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.

Blátt áfram

Tökumst óhrædd og meðvitúð á við kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Blátt áfram hlaut styrk frá Forvarnarsjóði Kópavogs, fyrir Bella net fræðslu, verkefni fyrir stúlkna hópa. Bella net fræðslan styrkir sjálfsmýnd stúlkna. Leiðbeinendur í félagsmiðstöðvum Kópavogs voru þjálfaðir til þess að halda utan um slíka stúlkna hópa. Í nýlegri skýrslu frá Rannsókn og greiningu um heilsu og líðan ungs fólks, kemur fram að stúlkur í 9. og 10. bekk telja andlega heilsu sína lakari nú (72%) en árið 2012 (78%).



Leiðbeinendur félagsmiðstöðva Kópavogs, Fönix, Pegasus, Dimma, Ekkó, Kjarninn, Kúlan, Pegasus, Igló, Þeba, Molinn, Jeman - útskrifaðar í BellaNet lífsleikni fyrir unglingsstúlkur. Sólveig Ásta Sigurðardóttir, Elín Unnur Guðmundsdóttir, Ásdís Helga Þorbergs, Martha María Einarsdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir, Diljá Barkardóttir, Guðný Waage, Berglaug Petra Garðarsdóttir, Guðrún Björg Sigurðardóttir, Sonja Nikulásdóttir og Tanja Gunnarsdóttir.

Stjórn og starfsfólk

Stjórn félagsins skipa: Sigríður Björnsdóttir formaður, Elísa Ragnheiður Ingólfsdóttir félagsráðgjafi, verkefnastjóri PMT og SMT, varaformaður, Anna Kristín Newton sálfræðingur, ritari, Elísabet Guðmundsdóttir félagsráðgjafi gjaldkeri, Jón Axel Ólafsson, bókaútgefandi meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru Oddur Pétursson verslunareigandi, starfsmannastjóri og Sigríður Sigurjónsdóttir Msc í sálfræði.

Nánar um starfsfólk

Sigríður Björnsdóttir, fædd 1966, framkvæmdastjóri samtakanna, er annar stofnandi Blátt áfram og hefur starfað hjá samtökunum í fullu starfi síðan þau urðu sjálfstæð 2006. Hún hefur starfað við fræðslu hjá félaginu síðan 2004. Sigríður er með BA í sálfræði og hefur lokið fyrra ári í klínískri sálfræði við HR, er markþjálfari og með diplóma frá EHÍ í mannauðsstjórnun. Hún hefur haldið fjölda námskeiða og fyrirlestra fyrir fullorðna og



unglinga. Einnig veitir Sigríður félögum og stofnunum sem starfa með börnum og unglungum leiðsögn er varða verklagsreglur sem stuðla að auknu öryggi barna. Ásamt því að veita ráðgjöf og svara fyrirspurnum um málefni sem snúa að forvörnum og verndun

barna. Hún flutti erindi og stýrði vinnuhópum í samstarfi við Vitundarvakningu ríkisstjórnarinnar haustið 2012. Í tengslum við starf sitt er hún í samskiptum við innlenda og erlenda aðila og fer hún reglulega erlendis með erindi um forvarnir til annarra þjóða sem hafa sýnt verkefninu áhuga, m.a Finnlandi, Svíþjóð, Lettlandi, Ungverjalandi, Grænlandi og USA.

Guðrún Helga Bjarnadóttir, fædd 1963, er leikskólakennari, ART-þjálfari og leiðsögumaður. Guðrún tók leiðbeinendanámskeiðið Verndarar barna vorið 2009 og leiddi námskeið, aðallega í Vestmannaeyjum á vegum Vestmannaeyjabæjar, en einnig víðar um land á vegum Blátt áfram. Hún hóf einnig fljótlega að flytja fyrirlestra, kenna lífsleikni í grunnskólum og leiða BellaNet námskeið. Guðrún tók þátt í að halda fyrirlestra fyrir hönd Blátt áfram í samstarfi við Vitundarvakninguna, samstarfsverkefni 3ja ráðuneyta, haustið 2012 í Borgarnesi, á Ísafirði og í Reykjavík. Haustið 2013 hóf hún hlutastarf á skrifstofu

samtakanna. Áður en hún hóf það starf hafði hún starfað sem leikskólalastjóri, leikskólafulltrúi, kennari við símenntunarstöðina Visku í Vestmannaeyjum, ART-þjálfun og leitt uppeldisnámskeiðið Færni til framtíðar. Helstu viðfangsefni Guðrúnar hjá Blátt áfram eru að halda utan um alla fræðslu, kynna fræðsluna meðal skóla, foreldrafélaga og félagasamtaka og fylgja henni eftir. Hún sinnir einnig samskiptum við hina ýmsu innlenda og erlenda samstarfsaðila. Hefur hún flutt erindi um samtökin í Riga í Lettlandi og komið að fræðslu og kynningu í Búdapest í Ungverjalandi og núna síðast í Afríkuríkinu Sierra Leone.

Guðrún veitir ráðgjöf og svarar fyrirspurnum um hvaðeina sem berst inn á borð samtakanna. Ásamt Sigríði, sér hún um leiðbeinendanámskeið Verndara barna, bæði fyrir innlenda og erlenda leiðbeinendur. Guðrún vinnur að gerð námsfemis, skrifar greinar, vinnur að stefnumótun



og framtíðarsýn samtakanna. Auk áðurnefndra verkefna sinnir hún öllum almennum skrifstofustörfum s.s. símavörslu, móttöku gesta og annarra, bókhald ofl. Starfshlutfall Guðrúnar fór í 100% hjá Blátt áfram 1. október 2016.

Samtökin hafa í gegnum tíðina, komið sér upp neti leiðbeinenda sem sinna forvarnarfræðslu á vegum Blátt áfram. Leiðbeinendur sem starfa á vegum félagsins eru fagmenntaðir einstaklingar t.d. sálfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar, prestar, leikskóla- og grunnskólakennarar.

Samtökin Blátt áfram þakka öllum þeim einstaklingum, fyrirtækjum og ráðuneytum sem veittu þeim styrki á árinu. Einnig því fjölmarga sölufólki um land allt sem tók þátt í landssöfnun samtakanna.

Samtökin Blátt áfram eru rekin með styrkjum og frjálsum framlögum.

Reykjavík, 24. maí 2017.

Stjórn Blátt áfram

Sigríður Björnsdóttir formaður

Elísa Ragnheiður Ingólfsdóttir varaformaður

Elísabet Guðmundsdóttir gjaldkeri

Anna Kristín Newton meðstjórnandi

Jón Axel Ólafsson meðstjórnandi

Sigríður Sigurjónsdóttir varamaður

Oddur Pétursson varamaður

Ef ég segði þér að ég
hafi verið kynferðislega
misnotaður, myndir þú ...

... dæma mig?

... trúá mér?

... telja mig vera minni máttar?

... halda ég efaðist um sjálfan mig?

... finnast ég vera mér til skammar?

... halda að ég yrði gerandi?

... hlusta á mig?



Blátt áfram forvarnarverkefni gegn
kynferðislegu ofbeldi á börnum.

Tökumst óhrædd og meðvituð á við kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.



Ef ég segði þér að ég
hafi verið kynferðislega
misnotuð, myndir þú ...

... dæma mig?

... trúa mér?

... telja mig vera minni máttar?

... halda ég efaðist um sjálfa mig?

... finnast ég vera mér til skammar?

... halda að ég yrði gerandi?

... hlusta á mig?



Blátt áfram forvarnarverkefni gegn
kynferðislegu ofbeldi á börnum.

Tökumst óhrædd og meðvituð á við kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

